Fréttir af verkefninu og staða framkvæmda

- Breyting á aðkomu að Landspítala
- Ný bílastæði í inngarði Barnaspítala. Fyrri aðkoma opnuð aftur þegar ný undirgöng verða tilbúin
- Jarðvegsframkvæmdir við nýjan meðferðarkjarna og stækkun framkvæmdasvæðis til norðurs
- Framkvæmdir við kvennadeild
- Gerð undirganga undir Gömlu Hringbraut og steypun undirstöðva
- Frágangur bílastæða við Eiríksgötu á lokametrum
- Frágangsvinna við gatnamót Laufásvegar og Gömlu Hringbrautar
- Akstursleið inn á framkvæmdasvæði meðferðarkjarna frá Læknagarði

Breyting á aðkomu að Landspítala

Breyting hefur orðið á aðkomu Landspítala við Hringbraut. Ekki er lengur hægt að aka í gegnum Gömlu Hringbraut að deildum Landspítala eins og sjá má á eftirfarandi myndbandi:
https://www.facebook.com/nyrlandspitali/videos/2043879582327813/

Aðkoma að Landspítala í gegnum Gömlu Hringbraut verður opnuð aftur þegar ný undirgöng verða tilbúin í haust.

Ný bílastæði í inngarði Barnaspítala (Sjá nr. 1 á korti)

Aðalinngangur Barnaspítala er með akstursaðkomu frá Laufásvegi og Barónsstíg.
Búið er að opna ný skammtíma og sleppistæði fyrir Barnaspítalann í inngarðinum milli Barnaspítala og kvennadeildar. Þessi stæði eru fyrir sjúklinga og aðstandendur og eru ekki ætluð starfsfólki spítalans.
Skammtímastæðum sem voru beint sunnan við Barnaspítala hefur nú verið lokað með opnun stæðanna í inngarðinum og er lega framkvæmdagirðingar nú komin í endanlega stöðu sunnan við Barnaspítala.
Frágangsvinna við hellulögn á jaðarsvæðum inngarðs er vel á veg komin. Gönguleið er nú framhjá Barnaspítala, í gegnum inngarðinn og yfir á bílastæðin suð-vestan við Gamla Spítala.

Jarðvegsframkvæmdir við nýjan meðferðarkjarna. (Sjá nr. 2 á korti)

Vinna við sprengingar og uppgröft nýs meðferðarkjarna gengur vel. Svæðið stækkar til norðurs eftir því sem vinnu við tengiganga hjá kvennadeild og Barnaspítala lýkur.
Búið er að taka bílastæðin beint sunnan við Barnaspítala í burtu og eru þau nú í inngarðinum milli Barnaspítala og kvennadeildar. Framkvæmdasvæði meðferðarkjarnans hefur því stækkað til norðurs sem því nemur.
Framkvæmdasvæðið er afgirt og vaktað og er öll óviðkomandi umferð um svæðið bönnuð.

Uppsteypun á lagnagangi meðfram kvennadeild. (Sjá nr. 3 á korti)

Vinna við uppsteypu á kvennadeildargangi er nú lokið. Búið er að fylla að um helming gangsins að norðanverðu og unnið er að fyllingarvinnu við suðurhelminginn. Að því loknu hefst vinna við að gera göngustíg og akbraut yfir tengigangi austan kvennadeildar.
Vegna þessarar framkvæmdar er einstefna á akstri frá bílastæðum neðan Gamla Spítala upp að kringlu og kvennadeild. Það er ekki hægt að aka niður frá kringlu að bílastæðum neðan Gamla Spítala meðan á þessum framkvæmdum stendur.
Framkvæmdir við suðurenda kvennadeildar eru enn í gangi og er suðurinngangur kvennadeildar lokaður meðan á þeim stendur.

Gerð undirganga undir Gömlu Hringbraut. (Sjá nr. 4 á korti)

Uppsláttur og steypuvinna við stoðveggi og undirgöng er komin á fullt skrið. Búið er að steypa undirstöður undir undirgöng og uppsláttur veggja er hafinn. Vinna við stoðveggi í tengslum við undirgöng er í fullum gangi og svæðið farið að taka á sig mynd. Vinna við lagnir á svæðinu er að mestu lokið.
Vakin er athygli á því að gönguleið er núna frá Læknagarði og upp á Bústaðaveg og þar meðfram til að komast að geðdeild. Ekki er opin gönguleið í gegnum framkvæmdasvæðið.
Framkvæmdir í og við undirgöng munu standa yfir fram á haust.

Bílastæði við eldhús og rannsóknastofur við Eiríksgötu. (Sjá nr. 5 á korti)

Búið er að ganga frá bílastæðum og er frágangur í kring á lokametrum. Bílastæðin eru ætluð fyrir sjúklinga og eru með snjóbræðslukerfi.
Eftir á að reisa hjólaskýli við vesturenda bilastæðis. Hönnun á skýli er lokið og framkvæmdir við byggingu þess að hefjast. Stefnt er að opnun hjólaskýlis í byrjun október.

Frágangsvinna við gatnamót Laufásvegar og Gömlu Hringbrautar. (Sjá nr. 6 á korti)

Verið er vinna að frágangi í kringum gatnamótin. Eftir er að helluleggja gönguleið í veginn í beygjunni við Barnaspítalann, sem verður gönguleið yfir götuna að Barnaspítala. Fljótlega hefst svo lóðarvinna sunnan við Gömlu Hringbraut við strætisvagnastöðina, en ný hellulögn verður lögð á svæðið sambærileg við þá sem búið er að leggja norðanmegin við Gömlu Hringbraut.
Allar upplýsingar á akstri strætisvagna er að finna á vefslóðinni www.straeto.is
Athygli er vakin á því að til að tryggja aðgengi strætó um Barónsstíg hefur verið lagt bann við bifreiðastöðum við austurkant Barónsstígs milli Eiríksgötu og Laufásvegar. Starfsmönnum Landspítala er bent á að leggja ekki á þessu svæði því það hindrar för strætisvagna um Barónsstíg.

Athygli er einnig vakin á því að allur akstur frá Vatnsmýrarvegi, við jaðar framkvæmdasvæðis, upp á Gömlu Hringbraut er bannaður nema akstur strætisvagna.

Breyting á aksturleið inn á vinnusvæði meðferðarkjarnans. (Sjá nr. 7 á korti)

Akstur inn á vinnusvæði meðferðarkjarnans er nú frá götu út frá Læknagarði. Búið er að merkja gönguleiðir og göngubrautir yfir götuna fyrir gangandi vegfarendur en ökumönnum er bent á að sýna aðgát við akstur á svæðinu.

Yfirlitsmyndir af svæðinu. (Sjá gula punkta á korti)

Búið er að setja upp yfirlitsmyndir af svæðinu á völdum svæðum til að gangandi vegfarendur átti sig á gönguleiðum um svæðið.

Skýringarmynd

Á kortinu eru sýndar gönguleiðir, götulokanir og framkvæmdasvæði.



Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:
Ásbjörn Jónsson verkefnastjóri NLSH, 841 7050 eða netfangið asbjorn@nlsh.is
Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is.

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Stefán Hrafn Hagalín 897 3644 stefanhh@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is

Hringbrautar verkefnið

nlsh.is

NLSH ohf. / Skúlagata 21, 101 Reykjavík / Aðalnúmer 551 6010 / kt. 500810-0410 / postur@nlsh.is

Höfundaréttur © NLSH ohf.

Póstfang:
postur@nlsh.is

Viltu breyta viðtöku á fjöldapóstinum?
Hér má breyta skilyrðum update your preferences eða afskrá unsubscribe from this list.